

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir Hitaveitu Reykjavíkur nr. 164/1962,
sbr. breyt. nr. 235/1963.

1. gr.

Aftan við 12. gr. komi svo hljóðandi viðbótarákvæði:

Gjöld samkv. 3., 4. og 7. gr. gjaldskrár þessarar skulu reiknuð með 10% álagi.

2. gr.

Viðbótarákvæði þetta taki gildi þegar í stað og framkvæmist þannig:

1. Notkun samkvæmt álestri í næsta mánuði eftir gildistöku viðbótarákvæðisins skal greidd eftir eldri gjaldskrá með 3.3% álagi.
2. Notkun samkvæmt álestri í öðrum mánuði eftir gildistöku viðbótarákvæðisins skal greidd samkvæmt eldri gjaldskrá með 6.7% álagi.
3. Notkun samkvæmt álestri í þriðja mánuði eftir gildistöku viðbótarákvæðisins skal reiknuð með fullu álagi samkv. 1. gr., og síðan öll notkun úr því.
4. Þar sem álestur fer fram mánaðarlega, skal notkun samkvæmt álestri í næsta mánuði eftir gildistöku viðbótarákvæðisins reiknuð með fullu álagi skv. 1. gr. og síðan öll notkun úr því.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 38 12. febrúar 1940, til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 10. ágúst 1965.

Magnús Jónsson.

Jón S. Ólafsson.

10. ágúst 1965.

Nr. 167.

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt í Laxárdalshreppi.

Fasteignaskatt í Laxárdalshreppi skal innheimta með 200% álagi eins og hann er ákveðinn í 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1965.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964, 5. gr. sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 10. ágúst 1965.

Magnús Jónsson.

Jón S. Ólafsson.